

# Raforkuspá 2016 – 2050

Endurreikningur á spá frá 2015  
út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**



Nóvember

2016



# Raforkuspá 2016 – 2050

Endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og  
breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**

Orkustofnun

Nóvember

2016

Útgefandi:

Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Sími: 569 6000, Fax, 568 8896

Tölvupóstur: [os@os.is](mailto:os@os.is)

Heimasíða: [www.os.is/](http://www.os.is/)

Umsjón útgáfu: Baldur Pétursson, Orkustofnun

Verkefnisstjóri.

Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

Raforkuhópur Orkuspárnefndar

Landsnet: Sverrir Jan Norðfjörð, formaður

Árni Baldur Möller

Norðurorka: Baldur Dýrfjörð

Orkustofnun: Rán Jónsdóttir

Veitur: Rúnar Svavar Svavarsson

RARIK: Pétur Þórðarson

Samorka: Sigurður Ágústsson

Starfsmenn raforkuhóps: Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson, EFLA verkfræðistofa

Sigurður Elías Hjaltason frá Orkustofnun hefur setið fundi raforkuhóps.

Vinnslu efnis og frágang texta annaðist EFLA verkfræðistofa, Jón Vilhjálmsson, Ingvar Baldursson og Jónas Hlynur Hallgrímsson

OS-2016/08

ISBN 978-9979-68-405-3

Nóvember 2016

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b> .....	<b>7</b>
<b>3</b>	<b>ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN</b> .....	<b>13</b>
<b>4</b>	<b>SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2015</b> .....	<b>25</b>
	<b>RITASKRÁ</b> .....	<b>29</b>
	<b>VIÐAUKI 1 RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 2015 GREIND NIÐUR Á VINNSLUFYRIRTÆKI OG MÁNUÐI</b> .....	<b>31</b>
	<b>VIÐAUKI 2 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2015 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR</b> .....	<b>35</b>
	<b>VIÐAUKI 3 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2015 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA</b> .....	<b>41</b>
	<b>VIÐAUKI 4 NOTKUN SKIPT NIÐUR Á AFHENDINGARSTAÐI FRÁ MEGINFLUTNINGSKERFINU</b> .....	<b>47</b>
	<b>VIÐAUKI 5 AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 2015</b> .....	<b>63</b>
	<b>VIÐAUKI 6 INN- OG ÚTMÖTUN INN Á KERFI LANDSNETS ÁRIN 2005-2020</b> .....	<b>83</b>
	<b>VIÐAUKI 7 RAFORKUNOTKUN EFTIR VEITUSVÆÐUM ÁRIN 2011-2015</b> .....	<b>87</b>

## Töfluskrá

TAFLA 3.1	ÚTTEKT FRÁ FLUTNINGSKERFINU NÆSTU ÁRIN (*RAUNTÖLUR).....	14
TAFLA 3.2	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEG ORKA. ALMENN NOTKUN AÐ MEÐTÖLDUM DREIFITÖPUM OG NÚVERANDI OG SAMÞYKKT NÝ STÓRIÐJA (*RAUNTÖLUR).....	15
TAFLA 3.3	SPÁ UM ALMENNA NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). .....	16
TAFLA 3.4	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ FLUTNINGSKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). .....	17
TAFLA 3.5	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER BEINT FRÁ VIRKJUNUM GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). .....	18
TAFLA 3.6	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR). .....	19
TAFLA 3.7	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR). .....	20
TAFLA 3.8	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR). .....	21
TAFLA 3.9	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU, SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR). .....	22
TAFLA 3.10	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR). .....	23
TAFLA 4.1	BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). .....	25

TAFLA 4.2	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).....	26
TAFLA 4.3	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á FLOKKA (*RAUNTÖLUR).....	27

## Myndaskrá

MYND 3.1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, TÍMABILID 2016–2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2015. ....	24
MYND 3.2	AUKNING ALMENNRRAR RAFORKUNOTKUNAR, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, ÁRIN 2016–2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2015 (LEIÐRÉTT FYRIR HITASTIG). ....	24

# 1 Helstu niðurstöður

Í skýrslunni er fjallað um raforkunotkun fram til ársins 2050. Hún er unnin á vegum Orkuspárnefndar og er endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.

Spáin er byggð á forsendum um mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu einstakra atvinnugreina. Almennri raforkunotkun er skipt niður í sex flokka auk dreifi- og flutningstapa. Notkuninni er þar að auki skipt eftir því frá hvaða kerfishluta notkunin er afhent, þ.e. beint frá virkjun, frá flutningskerfinu eða frá dreifikerfum. Fyrir stóriðju er miðað við samninga sem þegar hafa verið gerðir.

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 2015, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar).

- Raforkuvinnsla á landinu árið 2015 var alls 18.799 GWh eða 179 GWh minni en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir og heildarálag á kerfið var 33 MW minna en áætlað var. Stafar þetta frávík aðallega af minni notkun stóriðju og minni flutningstöpum en gert var ráð fyrir árið 2015.
- Notkun stóriðju var 148 GWh minni en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir og flutningstöp voru 32 GWh minni en spáin. Úttekt vinnslufyrirtækja var 13 GWh umfram spá. Skerðanleg orka til almennra nota var 8 GWh minni en spáð var. Ef einungis er litið á forgangsorku almenns markaðar var hún 4 GWh minni en spáin gerði ráð fyrir.
- Mesta aflþörf raforkukerfisins árið 2015 varð þann 25. febrúar milli klukkan 13 og 14 og var þá meðalálag á orkuver kerfisins 2.383 MW og hafði aukist um 53 MW frá árinu á undan. Aflþörf almenningsveitna var á þeim tímapunkti 618 MW, þörf stóriðjufyrirtækja var mest 1.686 MW þann 13. apríl, vinnslufyrirtækja 75 MW og töp í flutningskerfinu námu 57 MW. (Sjá nánar í viðauka 5, töflu 4 og 5 og mynd V5.14 á bls. 85).
- Samkvæmt þessari spá mun almenn notkun forgangsorku aukast um 8% fram til 2020 og um 76% alls til 2050 og eru dreifitöp meðtalin. Árleg aukning þessarar notkunar er 1,6% að meðaltali næstu 35 árin.
- Áætluð almenn forgangsorka hefur við þennan endurreikning dregist saman um 100 GWh fram til ársins 2030 og um tæp 90 GWh árið 2050 frá því sem fram kemur í spánni frá 2015, sjá töflu 4.3 á bls. 30. Notkun heimila, veitna og fiskveiða er lítilsháttar meiri yfir allt spátímabilið, á móti kemur minni notkun í iðnaði, þjónustu og landbúnaði.
- Minni fólksfjöldi í lok spátímabils dregur úr raforkunotkun heimila en á móti kemur að nýjar upplýsingar um bifreiðatíðni auka notkun vegna samgangna og niðurstaðan verður svipuð í lok spátímabils.
- Mest er breyting í iðnaði og með breyttum forsendum um jafnstöðuafli í loðnu dregur úr notkun um 90 GWh í lok tímabilsins.
- Einnig er ýmsum öðrum forsendum spálíkansins breytt í samræmi við nýjar rauntölur og þjóðhagsspár.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2015. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2015 greind niður á notkunarflokkum og dreifiveitum. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkum og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á afhendingarstaði frá meginflutningskerfinu. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2015 í viðauka 5. Viðauki 6 birtir upplýsingar um mötun inn og út af flutningskerfinu og í viðauka 7 er sýnd raforkunotkun á veitusvæðum dreifiveitna síðustu fimm ár.

Skýrslan er einnig birt á vef orkuspárnefndar/Orkustofnun, sjá [www.orkuspa.is](http://www.orkuspa.is).





## 2 Forsendur

Inn í orkuspárlíkanið hafa verið sett ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Hafa ber í huga að þjóðfélagið hefur breyst mikið undanfarinn rúma áratug fyrst samhliða miklum framkvæmdum í orkumannvirkjum, iðjuverum og húsbýggingum sem leiddu af sér mikinn aðflutning erlendra ríkisborgara til landsins. Eftir þetta mikla hagvaxtarskeið, en því fylgdi veruleg aukning raforkunotkunar, kom haustið 2008 mesta samdráttarskeið sem sést hefur hér á landi áratugum saman. Afleiðing samdráttarins var m.a. minnkuð raforkunotkun. Á allra síðustu árum hefur hagvöxtur verið mikill og spár benda til að vöxtur hagkerfisins verði kröftugur á næstu árum. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinna:

- 1) **Hagvöxtur:** Eins og fram kemur í Almennum forsendum orkuspáa 2016 er í nýjstu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og spám annarra aðila gert ráð fyrir verulegum hagvexti næstu ár. Yfirleitt er gert ráð fyrir frekari fjárfestingum í orkufrekum iðnaði sem og almennum iðnaði og íbúða- og hótélbyggingum. Ef ekki verður af þessum framkvæmdum eða þeim seinkar munu spár um hagvöxt næstu ára lækka.

Hagvaxtarspár Hagstofu Íslands, Seðlabankans og ASÍ.

Ár	Hagstofa Íslands %	Seðlabanki %	ASÍ %
2016	4,3	4,5	4,9
2017	3,5	4,0	4,2
2018	2,9	3,0	3,5
2019	2,8		
2020	2,7		
2021	2,7		

Hér er tekið mið af hagvaxtarspám Hagstofu Íslands fyrir næstu ár þó með þeirri breytingu að ekki er tekið tillit til hugsanlegra nýrra stóriðjuverkefna. Síðan er miðað við 2,4-2,6% á árunum til 2030 í samræmi við áætlaðan jafnvæghagvöxt en síðan er gert ráð fyrir að heldur hægi á hagvexti og hann verði kominn í 2,0% á árinu 2050. Sjá nánar kafla 2.1 í Almennum forsendum orkuspáa 2016.

- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Í þessum endurreikningi er notuð fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands frá júní 2016, fyrir árabilið 2016–2065. Forsendur og aðferðarfræði spárinna eru í aðalatriðum þær sömu og lýst var í Hagtiðindum 2015. Síðustu árin hafa orðið verulegar breytingar hvað varðar aðflutning og brottflutning fólks og af þeim sökum hefur fjölgun fólks verið mjög mismikil undanfarin ár. Árið 2013 var mannfjöldi á landinu (um mitt ár) rúmlega 322 þúsund manns, 326 þúsund árið 2014, tæplega 329 þúsund árið 2015 og rúmlega 332 þúsund árið 2016.

Í fólksfjöldaspánni er mest óvissa í forsendunni um aðflutning og brottflutning fólks. Þróun síðustu ára hvað varðar aðflutning fólks hefur verið þannig að frá 2013 til 2015 voru aðfluttir fleiri en brottfluttir. Á fjögurra ára tímabili þar á undan (2009 til og með 2012) fluttu fleiri frá landinu en til þess. Á árunum 2013-2015 fluttu árlega um 1.100-1.600 fleiri til landsins en frá því. Á árunum 2016-2020 gerir miðspá ráð fyrir að um 1.200-1.500 fleiri muni flytja árlega til landsins en frá því og er því svipaður fjöldi og á síðustu árum (Hagstofa, 2016c).

- 3) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við hjá

Hagstofunni. Hvað varðar fiskveiðar og vinnslu hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunar.

- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Húshitunarspá hefur verið endurreiknuð út frá rauntölum um raforkunotkun. Á tímabilinu 2009-2014 var sögulega lítil aukning í íbúðarhúsnæði. Eins og fram kemur í kafla 4 í Almennum forsendum orkuspáa 2016, „Á síðustu fimm árum hefur íbúðum fjölgað að meðaltali um 0,6% á ári eða um 820 íbúðir að meðaltali á ári. Ef skoðaðar eru tölur fyrir tímabilið 2005 til 2010 að þá fjölgaði íbúðum að meðaltali um 2,3% á ári sem eru 2.800 íbúðir á ári. Hafa þarf í huga að byggt var mikið af íbúðum á árunum 2006 til 2009 og í kjölfarið var umframframboð af íbúðum sem leiddi af sér að lítið var byggt næstu ár á eftir.“ Gert er ráð fyrir að húsbýggingar taki að nýju við sér á næstu árum og verði í samræmi við þörfina sem reiknuð er út frá fólksfjöldanum.
- 5) **Raforkunotkun heimila:** Á árinu 2015 var raforkunotkun heimila 825 GWh sem er 17 GWh minni notkun en árið áður. Notkunin er svipuð og árið 2007. Heildarfjöldi íbúða er um 134.800 í lok ársins 2015 og hafði þeim fjölgað um 1.260 íbúðir frá fyrra ári og þar af voru um 1.000 þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Raforkunotkun á íbúð hefur dregist saman frá árinu 2009 úr 4,9 MWh í um 4,34 MWh árið 2015. Í Raforkuspá 2015-2050 var gert ráð fyrir að raforkunotkun verði 4,0 MWh/heimili árið 2040 og 4,1 MWh/heimili árið 2050, og er hér miðað við óbreytta forsendu. Raforkunotkun sumarbústaða var tæpar 88 GWh á síðasta ári og dróst hún saman um tæp 3 GWh frá árinu 2014. Á síðustu tíu árum hefur alltaf verið aukning á milli ára fyrir utan árin 2011, 2013 og 2015. Mest var aukningin um 17% á ári milli árana 2006 og 2008 í lok góðæristímabilsins.
- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Raforkunotkun í landbúnaði var 5 GWh minni en spáð var árið 2015. Alls voru notaðar 228 GWh í landbúnaði á árinu 2015. Á árunum 2003-2008 jókst raforkunotkun gróðurhúsa að meðaltali um 7,2 GWh á ári. Milli árana 2008 og 2009 dróst raforkunotkun gróðurhúsa saman um 3,4 GWh. Á síðasta ári var aukning 0,5 GWh og nota gróðurhús nú um 83 GWh á ári sem er um þriðjungur af raforkunotkun landbúnaðar. Forsendur um raforkunotkun gróðurhúsa er eins og fram kemur í Raforkuspá 2015-2050, þar er miðað við að ljóstvistar verði notaðir í auknum mæli í garðyrkju og að notkun þeirra hefjist um 2020 og aukist jafnt og þétt á 10 árum þannig að öll framleiðsla verði með ljóstvistum árið 2030. Ennfremur er gert ráð fyrir að raforkunotkunin verði til að byrja með um 40% minni með ljóstvistunum samanborið við hefðbundnu perurnar og að hlutfallið fari upp í 50% árið 2030.

Þó svo að býlum þar sem landbúnaður er aðalvatnugrein fari fækkandi skilar það sér ekki strax í minni raforkunotkun þar sem raforkunotkun heimila í dreifbýli er oft flokkuð áfram með landbúnaði þó svo að hann sé ekki lengur aðalvatnugreinin.

- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Raforkunotkun í iðnaði dróst saman um 80 GWh frá 2007 til 2010 en jókst að nýju árið 2011. Frá árinu 2010 til 2015 hefur notkun aukist um 270 GWh. Samtals var notkun í almennum iðnaði 819 GWh á árinu 2015 og jókst um 110 GWh frá árinu 2014, sem stafar aðallega af meiri notkun fiskimjölverksmiðja. Spáð er að notkunin verði um 740 GWh árið 2016 og dregst hún saman vegna minni uppsjávaraflla. Forsendur vegna raforkunotkunar í byggingarstarfsemi eru óbreyttar. Notkun var 33 GWh árið 2015.

Notkun forgangsorku í fiskiðnaði minnkaði jafn og þétt tímabilið 2002 til 2008 úr 207 GWh niður í 167 GWh. Frá árinu 2008 hefur notkunin aukist um 62 GWh og var um 236 GWh árið 2015. Að undanfögnu hefur fiskvinnsla í vinnsluskipum úti á sjó farið minnkandi og samhliða því hefur fiskvinnsla í landi verið að aukast sem kallar á aukna raforkunotkun. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2016 til 2017 gerir ráð fyrir aukningu í þorskveiðum úr 239 þúsund tonn yfir í 244 þúsund tonn. Ráðgjöfin gerir ráð fyrir að afli í ýsu og ufsa haldist stöðugur á milli tímabila (Hafrannsóknarstofnun, 2016). Við endurreikning raforkuspár er tekið mið af veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Á loðnuvertíð 2015 veiddust um 337 þúsund tonn og er það mun meiri afli en árið áður þegar hann var einungis 106 þúsund tonn. Loðnuveiði var slök árin 2008 til 2010 og veiddust að meðaltali um 90 þúsund tonn á ári en til samanburðar er meðaltal árana 1984-2007 um 760 þúsund tonn. Loðnuveiði í janúar – mars í ár var um 102 þúsund tonn, sem er um 250 þúsund

tonna minni afli en í fyrra. Hafrannsóknastofnun ráðleggur að engar loðnuveiðar verði stundaðar á veiðiarinu 2016/2017 vegna lélegs ástands loðnustofnsins. Stofnunin mun framkvæma nýjar mælingar snemma árs 2017 og endurskoða ráðgjöf sína. Hér er gert ráð fyrir að loðnuveiði ársins 2016 verði 102 þúsund tonn og engin árið 2017.

Fiskimjölverksmiðjum hefur fækkað á undanförunum árum, árið 1999 var starfrækt 21 verksmiðja en á síðasta ári var vinnsla í 11 verksmiðjum. Á sama tíma hafa þær verið að skipta yfir í að nýta rafmagn í stað olíu. Átta verksmiðjur notast við raforku en verksmiðjurnar tvær í Vestmannaeyjum og sú á Þórshöfn nota olíu en raforku einnig að hluta.

Með spennuhækkun á sæstreng til Vestmannaeyja aukast möguleikar á nýtingu raforku og má gera ráð fyrir að raforkunotkun í verksmiðjunum aukist. Fyrirhugað er að spennuhækkun ljúki í nóvember 2016. Til viðbótar vinna HS Veitur að uppsetningu varmadælu í Vestmannaeyjum sem mun draga úr raforkuþörf veitunnar. Gera má því ráð fyrir að möguleikar verksmiðja á raforkunotkun aukist enn frekar með tilkomu varmadælu. Ekki verður hægt að rafvæða verksmiðjuna á Þórshöfn á næstu árum sökum takmarkana í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Í þessum endurreikningi er gert ráð fyrir að allar fiskimjölverksmiðjur verði búnar að taka upp notkun raforku í stað olíu árið 2023. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýting orku batni um 10% fram til ársins 2050. Á næstu árum mun eitthvað þurfa að skerða flutning raforku til þessara verksmiðja vegna flöskuhálsa í flutningskerfinu. Í þessum endurreikningi er dregið aðeins úr raforkunotkun fiskimjölverksmiðja.

- 8) Raforkunotkun við þjónustustarfsemi:** Heildarnotkun í þjónustu á árinu 2015 var um 1.200 GWh. Þjónustustarfsemi er skipt í sjö flokka. Samdráttur var í fimm flokkum á árinu 2015, það var í flokkunum Heild- og smásala, Opinber stjórnsýsla og varnarmál, Fræðslustarfsemi, Heilbrigðisþjónusta og Tómstundarþjónusta. Aukning var í flokkunum Samgöngur, hótél og veitingastaðir og Önnur þjónusta.

Skemmtiferðaskipum hefur fjölgað verulega hér á landi á undanförunum árum og hafa þau ekki tengst landrafmagni þegar þau liggja í höfnum hérlendis. Aftur á móti hefur það færst í vöxt að fiskveiðiskip notist við raforku þegar þau liggja í höfnum. Hér er gert ráð fyrir að notkun skemmti- og fiskiskipa á raforku aukist á næstu árum.

**Rafbílavæðing.** Nýleg rannsókn hjá Massachusetts Institute of Technology (MIT) leiðir í ljós að núverandi rafbílur, eins og Nissan Leaf, geta annað um 87% af ferðum fólksbifreiða í Bandaríkjunum. Með þróun rafhlaðna er áætlað að þetta hlutfall verði 98% árið 2020 (MIT Technology Review, 2016). Framboð af rafbílum mun aukast á næstu árum, t.d. hefur Mercedes-Benz áform um að koma með 9 hreinar rafbílategundir fyrir árið 2026 (MBL, 2016a). Bloomberg new energy finance spáir því að rafbílur verði ódýrari en bensín og dísel bílar árið 2022, og er miðað við heildarkostnað, það er kaupverð og rekstrarkostnað. Jafnframt spá þeirra að 35% af öllum nýjum bílum í heiminum verði rafmagnsbílar árið 2040 (Guardian, 2016).

Norðmenn hafa gert áætlanir um að hætta notkun á bensín- og díselbílum í framtíðinni. Hollenska þingið hefur rætt um að banna bensín og díselbíla frá árinu 2025. Þýska þingið hefur samþykkt bann á sölu nýrra bíla með brunahreyflum frá árinu 2030 og hefur lagt til að slíkt bann gildi innan Evrópusambandsins (Ecotricity, 2016).

Söluaðilar bifreiða hér á landi hafa sagt að „rafbílur eru framtíðin“ (MBL, 2016a). Ef skoðað eru tölur fyrir fyrstu níu mánuði ársins hefur verið aukning á sölu tengiltvinnbíla miðað við árið 2015. Sala á rafbílum hefur hlutfallslega dregist saman. Aukning hefur verið í tvinnbílum, en þeir nýta enga orku frá raforkukerfinu. Samanlagt hlutfall hreina rafbíla (EV) og tengiltvinnbíla (PHEV) er 3,4 % samanborið við 2,9% árið 2015 (MBL, 2016b).

Fjöldi seldra rafbíla, tengiltvinnbíla og tvinnbíla árið 2016 og hlutfallstölur 2015.

	Fjöldi janúar-sept. 2016	% af sölu janúar-sept. 2016	% af sölu árið 2015
Rafbíll (EV)	178	1,1 %	1,9 %
Tengiltvinnbíll (PHEV)	367	2,3 %	1,0 %
Tvinnbíll (HEV)	581	3,6 %	1,8 %

Heildarfjöldi seldra fólksbifreiða frá janúar og fram til septemberloka 2016 er um 16.000 bílar. Guðmundur Tyrfingsson, rútu- og ferðapjónustufyrirtækið, hefur fest kaup á rafmagnsrútu (MBL, 2016c). Strætó bs. hefur einnig fest kaup á fjórum rafmagnsknúnum strætisvögnum. Bílarnir eru frá kínverska bílaframleiðandanum Yutong (MBL, 2016d).

Í Almennum forsendum orkuspáa 2015 er gert ráð fyrir að fjöldi nýskráðra rafbíla væru 400 í ár og 513 á næsta ári. Spáin fyrir fólksbíla eingöngu er 375 rafbílar árið 2016 og 476 árið 2017 (Orkuspárnefnd, 2015). Engar breytingar eru gerðar á forsendum og útreikningum vegna rafbílavæðingar.

- 9) **Veitur:** Veitufyrirtækin notuðu tæp 770 GWh á árinu 2015, sem er aukning um 54 GWh frá árinu 2014. Hér er um að ræða notkun hitaveitna, þar meðtaldar kyntar hitaveitur, vatnsveitna og eigin notkun rafveitna, en hún var 440 GWh. Unnið er að uppsetningu varmadælu í Vestmannaeyjum hjá hitaveitunni og verður hún gangsett í ársbyrjun 2018. Með tilkomu varmadællunnar er gert ráð fyrir að raforkunotkun hitaveitunnar minnki um 43 GWh miðað við núverandi notkun. Varmadælan mun einungis notast við forgangsorku.
- 10) **Fiskveiðar (áður Annað):** Í hópnum Fiskveiðar eru notkunarflokkarnir 109 Fiskirækt, 122 Fiskveiðar og 123 Sportveiðar. Notkun í fiskveiðum var 52 GWh árið 2015. Aukning frá árinu 2014 er tæp 9%.
- 11) **Flutnings- og dreifitöp:** Flutningstöp árið 2015 voru 370 GWh sem er um 2,1% af orku sem fer inn á flutningskerfi. Töpin eru svipuð og árið áður. Dreifitöp eru reiknuð út frá mismun á mældri orku inn á dreifikerfin og notkun samkvæmt notkunarskýrslum. Orka inn á dreifikerfin er sú orka sem dreifiveita fær afhenta frá Landsneti að viðbættri orkuframleiðslu smávirkjana og dísilvéla beint inn á dreifikerfið og síðan er dregin frá innmötun inn á flutningskerfið frá dreifikerfinu. Dreifitöpum var breytt í samræmi við rauntölur síðasta árs.
- 12) **Skerðanlegur flutningur og ótryggð orka:** Landsnet er með í sinni gjaldskrá taxa fyrir skerðanlegan flutning. Ef aðstæður eru þannig í flutningskerfinu er Landsneti heimilt að skerða flutning raforku til þeirra viðskiptavina sem eru á þessum samningum. Skerðing fer eftir þeim tilvikum sem tilgreind er í skilmálum um skerðanlegan flutning. Skerðanleg orka fer að stærstum hluta til fiskimjölverksmiðja og kyntra veitna. Á árinu 2015 var skerðanlegur flutningur rúmar 560 GWh, þar af notuðu fiskimjölverksmiðjur um 220 GWh og kyntar veitur um 210 GWh og starfsemi undir iðnaðar- og þjónustugreinum notaði um 130 GWh. Landsvirkjun hefur selt hitaveitum orku á lægra verði undanfarin ár eftir að samningar um ótryggða orku runnu út og hefur fyrirtækið á móti heimild til að skerða þessa notkun.
- 13) **Orkunotkun iðnaðarnotenda sem fá orku beint frá flutningskerfinu:** Úttekt frá flutningskerfinu var 140 GWh undir þeim tölum sem gert var ráð fyrir í Raforkuspá 2015. Orkunotkunin var 14.360GWh en spáð var 14.500 GWh. Samningar við fyrirtæki sem fá afhenta orku frá flutningskerfinu hafa hækkað um 285 GWh árið 2019 miðað við Raforkuspá 2015. Samtals verður orkuafhending 15.730 GWh og 1.825 MW í afli árið 2019, sjá nánar töflu 1 á bls. 18.

Í maí 2013 tilkynnti Rio Tinto Alcan breytingar á umfangi straumhækkunarverkefnis álversins í Straumsvík. Áætlanir um að auka framleiðsluna úr 190 þúsund tonnum á ári í um 230 þúsund tonn breyttust og var í kjölfarið stefnt að því að verkefnið leiddi til 205 þúsund tonn framleiðslu af áli á ári. Samhliða breytingum á straumhækkunarverkefninu var samningur Landsvirkjun og

Rio Tinto Alcan endurskoðaður árið 2014 (Landsvirkjun, 2014). Hér er miðað við fyrirtækið nýti gerða samninga og noti 3.587 GWh og 422 MW frá árinu 2018.

Á undanförunum árum hefur framleiðsla Norðuráls aukist nokkuð, eða úr 280 þúsund tonnum árið 2011 í um 312 þúsund tonn árið 2015. Núverandi starfsleyfi álversins er fyrir 350 þúsund tonna framleiðslu og gildir það til ársloka 2031. Álverið hefur náð aukinni framleiðslu með því að ráðast í fjárfestingaverkefni sem hafa haft það að markmiði að auka framleiðni, bæta rekstraröryggi og auka framleiðslu (Norðurál, 2016). Gert er ráð fyrir að notkun Norðuráls á raforku verði 4.701 GWh og 553 MW árið 2016 og haldist síðan óbreytt eftir það.

PCC BakkiSilicon hf. stefnir að því að hefja starfsemi sína í nóvember 2017 og mun nota 52 MW (um 456 GWh) fyrir 32 þúsund tonna framleiðslu sína.

Kísilmálmverksmiðja United Silicon í Helguvík var gangsett 13. nóvember. Þar er gert ráð fyrir að framleiðslan verði 21 þúsund tonn af kísli og 7,5 þúsund tonn af kísilryki. Verksmiðjan mun notast við 35 MW og stefnt var á orkuafhendingu í byrjun apríl 2016. Tafir hafa orðið á byggingu verksmiðjunnar og tók kísilverið ekki til starfa á þeim tíma sem upphaflega var stefnt að.

Tveir aðrir aðilar stefna að reisa kísilver á næstu árum. Það eru Silicor Materials sem fyrirhugar að reisa sólarkísilverksmiðju á Grundartanga, og Thorsil í samstarfi við Hunter Douglas Metals með kísilver í Helguvík. Aflþörf þessara verkefna er um 167 MW. Ekki er búið að ljúka við fjármögnun verkefnanna og fyrirvarar eru í raforkusamningum eða þeim ekki lokið og því er þessi notkun ekki tekin með í endurreikningnum.

- 14) **Orkunotkun fyrirtækja í þjónustu sem fá orku beint frá flutningskerfinu:** Nokkur uppbygging gagnavera hefur átt sér stað á undanförunum árum. Raforkunotkun gagnavera er skráð á notkunarflokk 1643 Þjónusta við atvinnurekstur, sem var með um 90 GWh aukningu á milli áranna 2014 og 2015. Skýrist þessi aukning að stærstum hluta af raforkunotkun gagnavera. Gagnaver Verne í Reykjanesbæ, sem hóf starfsemi sína árið 2011 og fær afhenta raforku frá flutningskerfinu. Önnur gagnaver fá afhenta raforku frá dreifikerfinu. Að vísu var breyting á þessu í ár er gagnaver Advania (Gagnaverið Mjöltnir) færðist frá HS-Veitum til Landsnets og telst notkun þar sem úttekt frá flutningskerfinu. Raforkunotkun gagnavera á árinu 2015 er metin vera um 170 GWh.



### 3 Áætluð raforkunotkun

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 3.2 til 3.8 auk þess sem notkun stóriðju samkvæmt þegar gerðum samningum er sýnd í töflu 3.1.

Rauntölur um raforkunotkun eru í töflunum hér að aftan einungis sýndar frá árinu 2010 en þeir sem vilja sjá tölur lengra aftur í tímann geta fundið þær í eldri raforkuspám Orkuspárnefndar. Tafla 3.2 sýnir notkunina á landinu næstu árin samkvæmt spánni þar sem hún er greind í notkun sem afhent er frá dreifikerfinu ásamt dreifitöpum, notkun sem afhent er frá flutningskerfinu, flutningstöp og notkun sem afhent er beint frá virkjunum. Í þessum endurreikningi er miðað við að orka sem er með skerðanlegum flutningi hjá Landsneti teljist sem ótryggð orka.

Tafla 3.3 sýnir almenna notkun frá dreifikerfinu greinda niður á einstaka þætti og nær hún einungis til forgangsortu. Þar kemur fram að forgangsorta er með um 2,1% aukningu árið 2014 og 5,5% árið 2015, sem skýrist að hluta til af uppbyggingu gagnavera á Suðurnesjum og aukin raforkunotkun fiskimjölsverksmiðja. Á árinu 2016 er spáð að notkun dragist saman um 1,7%, en hluti af gagnaverum eru á árinu 2016 flokkuð sem úttekt frá flutningskerfinu en voru talin með þjónustu sem annað er frá dreifikerfinu á árinu 2015. Þegar til lengri tíma er litið er búist við að notkunin aukist um rúmlega 2% á ári fram til ársins 2040 og aukning minnki síðan og verði 1,4% í lok spátímabils.

Tafla 3.4 sýnir úttekt frá flutningskerfinu greinda niður á einstaka þætti. Tafla 3.5 sýnir úttekt frá vinnslufyrirtækjum greinda niður á einstaka þætti.

Tafla 3.6 sýnir notkun á skerðanlegri orku frá dreifikerfinu greinda niður á þætti. Rauntölur fram til ársins 2011 eru teknar saman út frá þeirri skilgreiningu sem notuð var árið 2010. Frá árinu 2012 er miðað við skerðanlegan flutning hjá Landsneti. Engin skerðanlegur flutningur er í úttekt frá flutningskerfinu eða í úttekt frá vinnslufyrirtækjum.

Öll almenn raforkunotkun er síðan greind niður á flokka í töflum 3.7, 3.8 og 3.9 og er sér tafla fyrir úttekt frá dreifikerfinu, flutningskerfinu og virkjunum. Almennri notkun frá dreifikerfinu, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 3.10 til 3.12 eftir því hvort um ræðir forgangsortu, ótryggða orku eða orku alls.

Átta fyrirtæki eru talin hér til orkufreks iðnaðar en það eru Rio Tinto Alcan (áður Íslenska álfélagið), Íslenska járnblendifélagið (í eigu Elkem), Norðurál (í eigu Century Aluminum), Fjarðaál (í eigu Alcoa), Becromal, Verne, United Silicon og PCC BakkiSilicon. Fjarðaál hóf álframleiðslu á Reyðarfirði vorið 2007, Becromal hóf starfsemi aflþynnuverksmiðju á árinu 2009 og gagnaverið Verne hóf starfsemi á árinu 2011. Frá árinu 2016 er notkun gagnaver Verne og er gagnaver Advania talin saman. United Silicon hf er að reisa iðjuver í Helguvík og hóf starfsemi með formlegum hætti 13. nóvember. PCC BakkiSilicon hf er að reisa kísilver á Bakka við Húsavík og er miðað við að orkuafhending hefjist í nóvember 2017. Í töflu 3.1 sést samtals orkunotkun samkvæmt þegar gerðum orkusamningum fyrirtækja sem taka orku frá flutningskerfinu fram til ársins 2020. Heildarafli fyrirtækjanna er reiknað með því að leggja saman aflþörf þeirra og síðan margfaldað með samlögunarstuðli sem er metinn vera 0,985. Þessa aðferð var fyrst notuð í Endurreikningi raforkuspár 2009, en í eldri spám hefur hámarksafl fyrirtækjanna verið lagt saman sem hefur gefið hærri tölu en raunin er.

Tafla 3.1

## Úttekt frá flutningskerfinu næstu árin (\*Rauntölur).

Ár	Rio Tinto Alcan		Elkem Ísland		Norðurál		ALCOA Fjarðaál	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2010*	2.916	343	930	125	4.144	499	4.959	592
2011*	2.867	344	943	127	4.164	497	4.798	559
2012*	2.941	350	1.032	130	4.271	505	4.892	569
2013*	3.100	377	1.060	130	4.364	519	4.935	585
2014*	3.241	392	966	130	4.418	533	4.781	567
2015*	3.237	398	1.035	131	4.623	546	4.864	573
2016	3.215	380	1.038	130	4.684	553	4.810	573
2017	3.400	400	1.060	130	4.701	553	4.954	576
2018	3.587	422	1.060	130	4.701	553	4.954	576
2019	3.587	422	1.060	130	4.701	553	4.954	576
2020	3.587	422	1.060	130	4.701	553	4.954	576

Ár	Becromal		Gagnaver		USI		PCC		Samtals öll úttekt frá flutningskerfi	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW+
2010*	260	52	0	0	0	0	0	0	13.209	1.555
2011*	512	70	0	1	0	0	0	0	13.284	1.561
2012*	408	58	1	0	0	0	0	0	13.545	1.586
2013*	516	70	5	2	0	0	0	0	13.980	1.638
2014*	542	70	36	6	0	0	0	0	13.983	1.671
2015*	535	69	61	12	0	0	0	0	14.356	1.686
2016	504	70	210	27	62	35	0	0	14.523	1.741
2017	578	70	211	27	294	35	19	26	15.215	1.790
2018	578	70	211	27	294	35	382	52	15.766	1.837
2019	578	70	211	27	294	35	437	52	15.821	1.837
2020	578	70	211	27	294	35	437	52	15.821	1.837

+ Samtals afl: Aflþörf einstakra fyrirtæka lögð saman og margfaldað með 0,985.

Fyrir árin 2016-2020 er orkuþörf álfyrirtækja áætluðu út frá umsömdu hámarksafli með nýtingartíma á bilinu 8.500 til 8.600 tíma, mismunandi eftir fyrirtækjum.



Tafla 3.2

**Spá um raforkunotkun, forgangsorka og skerðanleg orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (\*Rauntölur).**

Ár	Úttekt frá dreifikerfinu forgangs- og skerðanleg orka með dreifitöpum		Úttekt frá flutningskerfinu		Flutningstöp		Úttekt frá vinnslufyrirtækjum		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2010*	3.140	562	13.209	1.555	330	52	381	59	17.059	2.181
2011*	3.203	558	13.284	1.561	323	54	400	62	17.210	2.189
2012*	3.269	566	13.545	1.586	339	54	396	61	17.549	2.221
2013*	3.318	599	13.980	1.638	374	62	445	61	18.116	2.320
2014*	3.339	574	13.983	1.671	361	54	439	61	18.122	2.330
2015*	3.619	618	14.356	1.686	370	57	454	75	18.799	2.383
2016	3.503	611	14.523	1.741	399	60	457	70	18.883	2.437
2017	3.560	621	15.215	1.790	416	62	462	71	19.654	2.497
2018	3.716	647	15.766	1.837	433	64	466	72	20.381	2.572
2019	3.774	657	15.821	1.837	437	65	471	72	20.502	2.583
2020	3.822	665	15.821	1.837	440	65	475	73	20.557	2.591
2021	3.892	676	15.821	1.837	442	66	480	74	20.635	2.604
2022	3.970	689	15.821	1.837	446	66	485	75	20.721	2.618
2023	4.045	702	15.821	1.837	449	66	489	75	20.803	2.631
2024	4.115	713	15.821	1.837	452	67	494	76	20.882	2.643
2025	4.179	724	15.821	1.837	454	67	499	77	20.952	2.655
2030	4.564	787	15.821	1.837	470	69	524	81	21.378	2.722
2035	5.042	866	15.821	1.837	470	69	550	85	21.883	2.804
2040	5.513	942	15.821	1.837	470	69	577	89	22.380	2.883
2045	5.941	1.011	15.821	1.837	468	69	606	93	22.835	2.955
2050	6.348	1.076	15.821	1.837	465	68	636	98	23.270	3.022

Tafla 3.3

## Spá um almenna notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, forgangsorka (\*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2010*	318.006	879	218	382	992	103	39	2.613	150	2.763	-0,5	499
2011*	319.014	863	220	391	1.004	104	42	2.624	168	2.792	1,1	505
2012*	320.716	852	223	425	1.029	107	43	2.679	140	2.819	1,0	484
2013*	323.764	837	221	415	1.028	101	45	2.647	183	2.831	0,4	499
2014*	327.384	842	229	447	1.085	106	48	2.758	132	2.889	2,1	479
2015*	330.815	825	228	472	1.151	117	52	2.846	200	3.047	5,5	505
2016	334.157	850	231	460	1.111	120	54	2.826	170	2.996	-1,7	497
2017	337.454	857	233	476	1.156	123	55	2.899	172	3.070	2,5	509
2018	340.848	862	235	521	1.194	126	57	2.996	175	3.171	3,3	526
2019	344.410	869	237	529	1.227	128	58	3.049	176	3.225	1,7	535
2020	348.010	875	240	531	1.254	130	59	3.088	176	3.264	1,2	541
2021	351.544	880	247	543	1.284	132	61	3.146	177	3.324	1,8	551
2022	355.003	889	244	561	1.316	133	62	3.206	178	3.384	1,8	561
2023	358.374	898	241	579	1.350	135	64	3.267	179	3.446	1,8	571
2024	361.662	910	238	591	1.385	136	67	3.328	180	3.508	1,8	582
2025	364.841	925	234	599	1.423	138	66	3.385	181	3.566	1,6	591
2030	378.979	1.045	205	620	1.671	143	73	3.757	187	3.944	2,5	654
2035	390.597	1.201	211	640	1.935	149	80	4.214	205	4.419	2,2	733
2040	400.578	1.329	216	662	2.212	153	85	4.657	222	4.878	1,9	809
2045	409.455	1.422	221	680	2.496	157	90	5.065	236	5.301	1,6	879
2050	417.545	1.487	225	700	2.788	161	93	5.454	249	5.703	1,4	945

Tafla 3.4 Spá um notkun sem afhent er frá flutningskerfinu greind niður á flokka, forgangsorka (\*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2010*	0	0	0	13.209	0	0	0	13.209	0	13.209	2,2	1.555
2011*	0	0	0	13.284	0	0	0	13.284	0	13.284	0,6	1.561
2012*	0	0	0	13.544	1	0	0	13.545	0	13.545	2,0	1.586
2013*	0	0	0	13.975	5	0	0	13.980	0	13.980	3,2	1.638
2014*	0	0	0	13.947	36	0	0	13.983	0	13.983	0,0	1.671
2015*	0	0	0	14.295	61	0	0	14.356	0	14.356	2,7	1.686
2016	0	0	0	14.313	210	0	0	14.523	0	14.523	1,2	1.741
2017	0	0	0	15.005	211	0	0	15.215	0	15.215	4,8	1.790
2018	0	0	0	15.555	211	0	0	15.766	0	15.766	3,6	1.837
2019	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,3	1.837
2020	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2021	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2022	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2023	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2024	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2025	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2030	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2035	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2040	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2045	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837
2050	0	0	0	15.610	211	0	0	15.821	0	15.821	0,0	1.837

Tafla 3.5 Spá um notkun sem afhent er beint frá virkjunum greind niður á flokka, forgangsorka (\*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2010*		0	0	0	0	381	0	381	0	381	-1	59
2011*		0	0	6	0	400	0	406	0	406	7	62
2012*		0	0	15	0	396	0	411	0	411	1	61
2013*		0	0	18	0	427	0	445	0	445	8	61
2014*		0	0	8	0	431	0	439	0	439	-1	61
2015*		0	0	14	0	440	0	454	0	454	3	75
2016		0	0	13	0	444	0	457	0	457	1	70
2017		0	0	13	0	449	0	462	0	462	1	71
2018		0	0	13	0	453	0	466	0	466	1	72
2019		0	0	13	0	458	0	471	0	471	1	72
2020		0	0	13	0	463	0	475	0	475	1	73
2021		0	0	13	0	467	0	480	0	480	1	74
2022		0	0	13	0	472	0	485	0	485	1	75
2023		0	0	13	0	477	0	489	0	489	1	75
2024		0	0	13	0	481	0	494	0	494	1	76
2025		0	0	13	0	486	0	499	0	499	1	77
2030		0	0	13	0	511	0	524	0	524	1	81
2035		0	0	13	0	537	0	550	0	550	1	85
2040		0	0	13	0	564	0	577	0	577	1	89
2045		0	0	13	0	593	0	606	0	606	1	93
2050		0	0	13	0	623	0	636	0	636	1	98

Tafla 3.6

## Spá um notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, skerðanleg orka (\*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2010*	318.006	0	0	166	15	189	0	371	5	377	-3,7	87
2011*	319.014	0	0	193	15	197	0	405	6	411	9,0	93
2012*	320.716	0	0	239	8	196	0	443	6	450	9,5	113
2013*	323.764	0	0	267	8	205	0	480	7	487	8,2	133
2014*	327.384	0	0	259	7	178	0	444	6	450	-7,5	115
2015*	330.815	0	0	347	6	211	0	564	8	572	27,1	136
2016	334.157	0	0	282	6	213	0	501	7	508	-11,2	121
2017	337.454	0	0	261	6	216	0	483	7	490	-3,5	117
2018	340.848	0	0	351	7	179	0	537	8	544	11,1	130
2019	344.410	0	0	354	7	181	0	541	8	549	0,8	131
2020	348.010	0	0	360	7	183	0	550	8	558	1,6	133
2021	351.544	0	0	369	7	185	0	560	8	568	1,9	135
2022	355.003	0	0	384	7	187	0	578	8	586	3,1	140
2023	358.374	0	0	393	8	189	0	590	8	598	2,0	142
2024	361.662	0	0	400	8	191	0	599	8	607	1,5	145
2025	364.841	0	0	404	8	192	0	604	8	613	0,9	146
2030	378.979	0	0	406	9	196	0	611	9	619	0,0	147
2035	390.597	0	0	406	9	199	0	614	9	623	0,1	148
2040	400.578	0	0	414	9	202	0	625	9	634	0,2	151
2045	409.455	0	0	416	9	206	0	630	9	639	0,2	152
2050	417.545	0	0	419	9	209	0	636	9	645	0,3	154

Fram til ársins 2012 er ótryggð orka eins og hún var skilgreind í Raforkuspá 2010. Frá og með árinu 2012 er það orka í skerðanlegum flutningi hjá Landsneti.

Tafla 3.7

## Spá um notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, forgangs- og skerðanleg orka (\*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2010*	318.006	879	218	548	1.008	292	39	2.985	155	3.140	-0,9	562
2011*	319.014	863	220	584	1.019	301	42	3.029	174	3.203	2,0	558
2012*	320.716	852	223	663	1.037	303	43	3.122	146	3.269	2,1	566
2013*	323.764	837	221	682	1.036	306	45	3.127	190	3.318	1,5	599
2014*	327.384	842	229	705	1.093	284	48	3.201	138	3.339	0,7	574
2015*	330.815	825	228	819	1.157	328	52	3.411	208	3.619	8,4	618
2016	334.157	850	231	741	1.118	333	54	3.327	177	3.503	-3,2	611
2017	337.454	857	233	737	1.162	339	55	3.382	179	3.560	1,6	621
2018	340.848	862	235	873	1.201	305	57	3.533	183	3.716	4,4	647
2019	344.410	869	237	883	1.234	309	58	3.590	184	3.774	1,6	657
2020	348.010	875	240	891	1.261	313	59	3.638	184	3.822	1,3	665
2021	351.544	880	247	911	1.292	316	61	3.707	185	3.892	1,8	676
2022	355.003	889	244	945	1.324	320	62	3.784	186	3.970	2,0	689
2023	358.374	898	241	972	1.357	324	64	3.857	188	4.045	1,9	702
2024	361.662	910	238	991	1.393	327	67	3.927	189	4.115	1,8	713
2025	364.841	925	234	1.003	1.431	330	66	3.989	189	4.179	1,5	724
2030	378.979	1.045	205	1.026	1.680	339	73	4.368	196	4.564	2,1	787
2035	390.597	1.201	211	1.046	1.944	348	80	4.829	214	5.042	1,9	866
2040	400.578	1.329	216	1.076	2.221	355	85	5.282	230	5.513	1,7	942
2045	409.455	1.422	221	1.097	2.505	363	90	5.696	245	5.941	1,4	1.011
2050	417.545	1.487	225	1.118	2.797	370	93	6.090	258	6.348	1,3	1.076

Tafla 3.8

**Spá um raforkunotkun sem afhent er frá dreifkerfinu, forgangsorka, greind niður á landshluta (\*Rauntölur).**

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
2010*	192,8	1258,0	209,4	129,3	374,5	251,0	348,1	2.763
2011*	193,1	1258,4	214,6	127,1	378,4	254,1	366,6	2.792
2012*	195,2	1264,2	208,6	126,9	377,7	264,9	381,5	2.819
2013*	192,5	1267,0	220,7	132,3	388,6	260,8	368,9	2.831
2014*	230,5	1278,6	231,2	130,7	381,9	256,8	379,5	2.889
2015*	300,3	1293,2	236,3	136,5	396,2	282,8	401,5	3.047
2016	212,4	1336,6	240,1	138,2	406,3	264,2	397,8	2.996
2017	217,5	1378,6	240,5	139,4	411,6	268,3	414,4	3.070
2018	223,4	1416,8	250,1	140,4	421,4	287,1	432,2	3.171
2019	226,6	1454,2	252,5	141,3	424,3	292,5	433,3	3.225
2020	229,8	1484,7	254,7	142,2	423,0	292,6	437,3	3.264
2021	234,5	1518,0	257,6	143,7	427,7	296,0	446,1	3.324
2022	239,4	1553,8	260,9	145,5	433,4	303,0	448,1	3.384
2023	243,9	1590,6	264,2	147,2	444,1	306,9	449,5	3.446
2024	248,4	1633,7	267,3	148,7	449,6	310,5	450,1	3.508
2025	252,6	1675,9	270,1	150,0	454,6	313,0	449,5	3.566
2030	274,9	1992,6	283,4	154,0	479,4	321,6	438,5	3.944
2035	302,9	2347,8	300,0	159,5	509,4	333,5	466,1	4.419
2040	328,9	2694,4	316,6	163,6	538,7	344,7	491,6	4.878
2045	351,9	3024,1	331,0	166,1	562,1	353,1	513,0	5.301
2050	373,0	3344,4	344,4	167,2	581,3	360,3	532,2	5.703

Skýringar:

SN: Suðurnes

HS: Höfuðborgarsvæðið

VL: Vesturland

VF: Vestfirðir

NL: Norðurland

AL: Austurland

SL: Suðurland

Tafla 3.9

**Spá um raforkunotkun sem afhent er frá dreifkerfinu, skerðanleg orka, greind niður á landshluta (\*Rauntölur).**


Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
2010*	6,6	28,1	17,1	85,1	29,3	119,4	91,0	377
2011*	11,2	29,6	19,0	101,3	29,8	127,2	92,4	411
2012*	16,3	30,0	19,3	97,0	28,7	157,7	100,6	450
2013*	14,6	31,6	20,4	98,5	30,5	186,2	104,7	487
2014*	11,7	27,5	17,9	89,9	32,4	172,9	97,7	450
2015*	16,6	27,3	18,0	113,7	35,5	254,2	106,7	572
2016	12,9	27,6	19,9	111,9	37,0	190,4	108,1	508
2017	11,2	27,3	20,3	114,8	37,2	164,0	115,3	490
2018	15,9	27,9	20,7	116,8	37,4	239,9	85,7	544
2019	16,0	28,6	21,2	117,3	37,6	241,8	86,5	549
2020	18,5	29,2	21,6	117,7	37,8	245,2	87,4	558
2021	20,2	29,9	22,0	118,3	38,0	251,1	88,7	568
2022	20,8	30,6	22,4	119,0	38,2	264,7	90,3	586
2023	21,3	31,2	22,9	119,7	38,5	272,6	91,9	598
2024	21,7	31,9	23,3	120,2	38,7	278,3	93,1	607
2025	21,9	32,5	23,7	120,4	38,9	281,4	94,0	613
2030	21,8	35,6	25,9	120,4	39,9	280,1	95,6	619
2035	21,6	37,4	27,5	120,1	40,7	278,8	96,9	623
2040	21,9	39,1	29,2	119,7	41,5	283,7	99,2	634
2045	21,8	40,9	30,8	119,1	42,3	283,8	100,7	639
2050	21,8	42,6	32,5	118,3	43,1	284,7	102,3	645




Tafla 3.10

**Spá um notkun sem afhent er frá dreifikerfinu með dreifitöpum, forgangs- og skerðanleg orka, greind niður á landshluta (\*Rauntölur).**

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
2010*	199,4	1.286,1	226,5	214,4	403,8	370,5	439,1	3.140
2011*	204,3	1.288,1	233,6	228,4	408,1	381,4	459,0	3.203
2012*	211,5	1.294,3	227,9	224,0	406,3	422,5	482,1	3.269
2013*	207,1	1.298,7	241,2	230,8	419,1	447,0	473,7	3.318
2014*	242,2	1.306,2	249,1	220,6	414,3	429,7	477,1	3.339
2015*	316,9	1.320,5	254,3	250,3	431,7	537,0	508,2	3.619
2016	225,3	1.364,2	260,0	250,1	443,3	454,6	505,9	3.503
2017	228,7	1.405,8	260,9	254,2	448,8	432,3	529,7	3.560
2018	239,3	1.444,8	270,9	257,2	458,8	527,1	517,9	3.716
2019	242,6	1.482,7	273,7	258,7	461,9	534,3	519,7	3.774
2020	248,3	1.514,0	276,3	260,0	460,8	537,9	524,7	3.822
2021	254,7	1.547,9	279,6	262,0	465,8	547,1	534,8	3.892
2022	260,1	1.584,4	283,3	264,5	471,7	567,7	538,4	3.970
2023	265,3	1.621,8	287,1	266,9	482,6	579,5	541,4	4.045
2024	270,2	1.665,6	290,6	268,9	488,2	588,8	543,2	4.115
2025	274,6	1.708,5	293,8	270,4	493,5	594,3	543,5	4.179
2030	296,7	2.028,2	309,3	274,4	519,4	601,8	534,1	4.564
2035	324,6	2.385,1	327,5	279,6	550,1	612,3	563,0	5.042
2040	350,8	2.733,5	345,7	283,2	580,2	628,3	590,8	5.513
2045	373,8	3.065,0	361,9	285,2	604,3	636,9	613,7	5.941
2050	394,8	3.387,0	376,8	285,4	624,4	645,1	634,4	6.348



Mynd 3.1 Spá um raforkunotkun, forgangs- og skerðanleg orka, tímabilið 2016–2050 ásamt rauntölum árána 1995–2015.



Mynd 3.2 Aukning almennrar raforkunotkunar, forgangs- og skerðanleg orka, árin 2016–2050 ásamt rauntölum árána 1995–2015 (leiðrétt fyrir hitastig).

## 4 Samanburður við spá frá 2015

Áætluð notkun forgangsorku hefur lækkað frá spánni frá 2015, eins og fram kemur í töflum 4.1 til 4.3. Notkunin eykst hjá veitum og fiskveiðum allt spátímabilið og í lok tímabilsins hjá heimilum, á móti kemur minni notkun í iðnaði, þjónustu og landbúnaði. Meginskýring á lækkun spár í iðnaði er breyttar forsendur um uppsjávarafla. Fækkun fólks dregur úr raforkunotkun heimila á móti kemur að nýjar upplýsingar um bifreiðaeign eykur raforkunotkun vegna orkuskipta í samgöngum í lok spátímabilsins.

Tafla 4.1 **Breytingar á áætlaðri raforkunotkun sem afhent er frá dreifkerfinu frá spánni 2015, forgangsorka (\*Rauntölur).**

Ár	Úttekt frá dreifikerfinu forgangsnotkun með dreifitöpum		Úttekt frá flutningskerfinu		Flutningstöp		Úttekt frá vinnslufyrirtækjum		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2015	-4,4	-5	-148	-11	-29	-2	13	8	-168	-13
2016	-123	-25	-396	0	-12	-2	12	2	-520	-25
2017	-127	-25	191	23	1	0	12	2	76	-2
2018	-71	-16	378	45	6	1	12	2	325	29
2019	-56	-14	378	45	6	1	12	2	340	32
2020	-60	-14	378	45	6	1	12	2	337	31
2021	-48	-12	378	45	7	1	12	2	349	33
2022	-39	-11	378	45	7	1	12	2	358	35
2023	-37	-11	378	45	7	1	12	2	360	35
2024	-40	-11	378	45	7	1	12	2	358	34
2025	-50	-13	378	45	7	1	12	2	348	33
2030	-104	-23	378	45	6	1	13	2	293	23
2035	-103	-23	378	45	6	1	13	2	294	23
2040	-92	-22	378	45	6	1	13	2	305	24
2045	-88	-22	378	45	6	1	13	2	310	24
2050	-90	-23	378	45	6	1	14	2	308	23

Tafla 4.2

**Breyting á áætlaðri raforkunotkun sem afhent er frá dreifkerfinu frá spánni 2015, forgangsorka, greind niður á landshluta (\*Rauntölur).**

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
2015*	52,8	-36,4	-15,1	-3,7	-8,3	2,2	4,1	-4
2016	-40,6	-31,3	-19,2	-2,6	-3,6	-18,6	-7,2	-123
2017	-39,2	-27,3	-21,6	-2,0	-2,1	-16,2	-19,0	-127
2018	-37,1	-25,4	-14,4	-1,3	9,3	2,8	-4,9	-71
2019	-37,3	-22,6	-14,2	-0,5	14,2	8,9	-4,5	-56
2020	-38,5	-19,7	-14,4	0,0	10,1	7,7	-4,9	-60
2021	-38,5	-17,8	-14,2	0,9	11,3	9,1	1,3	-48
2022	-38,2	-14,9	-13,9	1,9	13,0	10,9	1,8	-39
2023	-38,6	-13,2	-14,1	2,7	12,8	11,5	1,7	-37
2024	-39,8	-10,6	-15,1	2,9	12,4	10,5	0,2	-40
2025	-41,9	-9,3	-16,8	2,6	10,7	7,6	-2,6	-50
2030	-52,5	-2,2	-25,5	-1,4	0,3	-7,0	-15,7	-104
2035	-57,9	6,3	-26,3	-1,8	1,0	-8,5	-16,2	-103
2040	-62,3	12,6	-25,6	-1,4	4,2	-6,4	-13,5	-92
2045	-67,3	14,1	-25,0	-0,9	7,1	-4,8	-11,4	-88
2050	-72,7	9,3	-24,3	-0,5	10,1	-3,1	-8,9	-90

Tafla 4.3

**Breyting á áætlaðri raforkunotkun sem afhent er frá dreifikerfinu frá spánni 2015, forgangsocka, greind niður á flokka (\*Rauntölur).**

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töþ GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2015*	-773	-26	-5	-39	21	7	3	-39	35	-4		-5
2016	-1.224	-8	-4	-65	-59	8	3	-125	2	-123		-25
2017	-1.828	-8	-5	-76	-51	9	3	-128	1	-127		-25
2018	-2.595	-9	-5	-30	-44	10	3	-75	4	-71		-16
2019	-3.301	-10	-6	-20	-39	10	3	-61	4	-56		-14
2020	-3.864	-11	-6	-25	-36	10	3	-63	4	-60		-14
2021	-4.373	-11	-1	-21	-32	11	3	-51	4	-48		-12
2022	-4.827	-12	-1	-15	-29	11	4	-43	4	-39		-11
2023	-5.238	-12	-1	-16	-26	11	4	-40	3	-37		-11
2024	-5.583	-13	-1	-21	-22	11	4	-42	2	-40		-11
2025	-5.879	-13	-2	-32	-19	11	4	-51	1	-50		-13
2030	-6.549	-9	-2	-88	-14	11	4	-98	-5	-104		-23
2035	-7.018	-4	-2	-98	-10	11	5	-98	-5	-103		-23
2040	-7.468	0	-2	-95	-6	11	5	-88	-5	-92		-22
2045	-7.963	3	-2	-93	-8	11	5	-84	-4	-88		-22
2050	-8.474	5	-2	-92	-14	12	5	-86	-4	-90		-23



## Ritaskrá

- ASÍ, 2016. *Horfur í efnahagsmálum – Hagspá ASÍ 2016-2018.*
- Ecotricity, 2016. Germany joins race to Ban Petroleum and Diesel Car Sales by 2030. (<https://ecotricity.co.nz/germany-joins-race-to-ban-petrol-diesel-car-sales-by-2030/>)
- Guardian, 2016. *Electric Cars will be cheaper than conventional cars by 2022.* (<https://www.theguardian.com/environment/2016/feb/25/electric-cars-will-be-cheaper-than-conventional-vehicles-by-2022>)
- Hafrannsóknastofnun. 2016. *Nytjastofnar sjávar 2015/2016. Aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017.* ([http://www.hafro.is/Astand/2016/fjolrit\\_185.pdf](http://www.hafro.is/Astand/2016/fjolrit_185.pdf))
- Hagstofa Íslands, 2015: Hagtiðindi. *Methodology of population projections.*
- Hagstofa Íslands. 2016a. *Mannfjöldaspá 2016-2060.* Fengnar af [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).
- Hagstofa Íslands. 2016. *Ýmsar upplýsingar.* Fengnar af [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).
- Hagstofa Íslands, 2016b: Hagtiðindi. *Þjóðhagsspá, sumar 2016.*
- Hagstofa Íslands, 2013c: Spá um mannfjölda 2013-2060.
- Landsvirkjun. 2014. *Rio Tinto Alcan á Íslandi og Landsvirkjun endurskoða rafmagnssamning.* (<http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/rio-tinto-alcan-a-islandi-og-landsvirkjun-endurskoda-rafmagnssamning/>)
- MIT Technology Review, 2016. Why Range Anxiety for Electric Cars is Overblown. (<https://www.technologyreview.com/s/602174/why-range-anxiety-for-electric-cars-is-overblown/>)
- MBL, 2016a. „Rafbílar eru framtíðin“. ([http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/30/rafbilar\\_eru\\_framtidin/](http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/30/rafbilar_eru_framtidin/))
- MBL, 2016b, *Samdráttur í sölu rafbíla.* ([http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/10/06/samdrattur\\_i\\_solu\\_rafbila/](http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/10/06/samdrattur_i_solu_rafbila/))
- MBL, 2016c. *Rafmagnsrúta frá Kína til Íslands.* ([http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/19/rafmagnsruta\\_fra\\_kina\\_til\\_islands/](http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/19/rafmagnsruta_fra_kina_til_islands/))
- MBL, 2016d. *Strætó kaupir kínverska rafmagnsknúna vagna.* ([http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/22/straeto\\_kaupir\\_kinverska\\_rafvagna/](http://www.mbl.is/bill/frettir/2016/09/22/straeto_kaupir_kinverska_rafvagna/))
- Norðurl 2016. *Ýmsar upplýsingar.* Fengnar af [www.nordural.is](http://www.nordural.is)
- Orkuspárnefnd. 2015. *Raforkuspá 2015–2050.* OS-2015/05.
- Orkuspárnefnd. 2015. *Almennar forsendur orkuspáa 2014. Samantekt fyrir vinnuhópa*
- Orkuspárnefndar.* Birt á vef Orkuspárnefndar, [www.orkuspa.is](http://www.orkuspa.is).
- Sedlabanki Íslands, 2016. *Peningamál 2016/3. Ágúst 2016,* [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is).





## **VIÐAUKI 1**


**Raforkuvinnsla ársins 2015 greind niður á  
vinnslufyrirtæki og mánuði**




## RAFORKUVINNSLA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2015

Fyrirtæki	Janúar MWh	Febrúar MWh	Mars MWh	Apríl MWh	Mái MWh	Júní MWh	Júlí MWh	Ágúst MWh	September MWh	Október MWh	Nóvember MWh	Desember MWh	Alls MWh	Skipting %
Landsvirkjun	1.208.631	1.115.939	1.198.493	1.121.717	1.183.680	1.097.602	1.108.953	1.119.351	1.085.009	1.127.721	1.153.649	1.195.180	13.715.927	73,0
Orka náttúrunnar	287.605	261.727	290.132	276.575	261.736	259.908	269.980	252.123	253.124	285.609	269.472	281.191	3.249.179	17,3
HS Orka	118.684	105.311	117.203	112.176	115.046	95.918	98.118	107.564	98.079	109.218	105.010	111.788	1.294.113	6,9
HS Veitur	18	0	38	0	0	0	0	276	90	0	0	0	422	0,0
